

Sp. **488. Tillaga til þingsályktunar** [232. mál]
um vegagerð yfir Sprengisand.

Flm.: Benóný Arnórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á hagkvæmni vegagerðar yfir Sprengisand.

Greinargerð.

Hugmyndir um gerð vegar yfir Sprengisand, sem fær væri venjulegum bifreiðum yfir sumartímann, hafa lengi verið á lofti. Engin athugun hefur þó farið fram á kostnaði við slíka vegagerð eða nein tilraun verið gerð til þess að kanna hagkvæmni hennar. Telja má líklegt, að vegagerð yfir Sprengisand sé tiltölulega ódýr og því megi með slíkum vegi bæta mjög vegasamband milli Norður- og Austurlands og Suðurlands, án þess að leggja þurfi í verulegan kostnað. Virðist einsýnt, að sjálfsagt sé að framkvæma þá athugun, sem hér er lagt til að verði gerð, til þess að fá úr þessu skorið.

Benda má á, að vegur yfir Sprengisand mundi verða til hagsbóta fyrir Norðlendinga og Austfirðinga almennt, einkum vegna þess, hve vegalengd til Suðurlands styttest. Sem dæmi má nefna, að vegalengd milli Reykjavíkur og Húsavíkur styttest úr 544 km í 465 við veg um Galtafell, Tungnafellsskála og Mýri. Á sama hátt styttest vegalengd milli Reykjavíkur og Egilsstaða úr 729 í 561 km við vegagerð um Galtafell, Tungnafellsskála og að Brú.

Enn fremur má benda á, að vegalagning yfir Sprengisand mun skapa mikla möguleika fyrir aukna ferðamannþjónustu í byggðum Norðurlands og Austurlands. Má í því sambandi sérstaklega nefna hugsanlega gerð millilandaflugvallar í Aðaldal. Vegur yfir Sprengisand mundi þá gera mögulegt, að erlendir ferðamenn kæmu til landsins í Aðaldal, en ækju síðan suður Sprengisand og færu utan frá Keflavkurflugvelli.

Rétt er að vekja sérstaklega athygli á nýgerðum samþykktum húnaðarþings og bæjarstjórnar Húsavíkur um lagningu vegar yfir Sprengisand.